

Dags. 18. desember 2017

Mættir: Berglind Harpa Björnsdóttir, foreldri, Sigurrós Karlsdóttir, umsjónarkennari 10. bekkjar, Erlendur Steinar, foreldri, Lilja Katrín, nemandi í 10. bekk, Vala Alvilde Berg, nemandi í 9. bekk, Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri, Linda Rós Rögnvaldsdóttir, kennari á miðstigi.

Fjarverandi: Bára Árný, stuðningsfulltrúi, Unnur Elva Vébjörnsdóttir, foreldri.

Dagskrá fundar:

1. Niðurstöður Skólapúlsins.

Ánægja af lestri kemur mjög vel út fyrir Oddeyrarskóla. Almenn rætt um fyrirkomulag lesturs í skólanum og hvernig breytingar urðu með komu Lestu hillanna. Nemendur gerðu óskalista yfir bækur sem þeir vildu fá í hilluna. Strákar hafa meiri áhuga hér í skólanum á lestri miðað við landsmeðaltal.

Þrautseigja í námi er innan skekkjumarka en undir landsmeðaltali. Við höfum staðið í stað síðustu þrjú ár varðandi þrautseigju í námi. Markvisst hefur verið reynt að efla þrautseigju í námi, t.d. með *Hugarfar vaxtar* verkefninu.

Áhugi á stærðfræði kemur vel út, höfum vaxið síðustu þrjú ár. 10. bekkur sker sig úr, en aðeins 9 nemendur hafa svarað í þeim bekk. Þau eru talsvert langt fyrir neðan landsmeðaltal en aðrir bekkir eru yfir landsmeðaltali.

Lilja nefnir að í hennar bekk sé fólk ekki endilega að taka þessa könnun alvarlega og sé ekki að gefa rétta mynd í svörum sínum. Rætt um að fræða nemendur um tilgang könnunarinnar og það að þetta skiptir máli fyrir skólann.

Trú á eigin námsgetu kemur illa út fyrir Oddeyrarskóla. Bæði kyn eru marktækt undir landsmeðaltali.

Flokkurinn *Líðan og heilsa* kemur oft frekar illa út hjá okkur. Þar eru flokkar eins og sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, einelti og fleira. Sjálfsálit kemur illa út hér, við erum talsvert neðan við landsmeðaltal.

Rætt um viðhorf annarra gagnvart skólanum, nemendum og Eyrinni. Nemendur þurfa að hjálpast að við að auglýsa hvað er frábært að vera í Oddeyrarskóla. Þurfum að fá nemendur í öðrum skólum til að sækja viðburði hér. Viðhorf gagnvart skólanum í samfélaginu, sérstaklega skólasamfélaginu er mjög gott. Kennarar, foreldrar og háskólinn eru mjög jákvæðir í garð skólans.

Hugmynd að halda menntabúðir nemenda. Þar gætu nemendur farið á milli skóla og kynnt sér verkefni sem eru unnin í hverjum skóla fyrir sig.

Frægðarveggur Oddeyrarskóla gæti verið liður í þessu, að bæta ímynd skólans meðal unglinga. Að gera fyrrum nemendum héðan úr skólanum hátt undir höfði með myndum og umfjöllun innan skólans og utan.

Lilja talar um að margt hagnýtt innan námsins komi vel út því það er verið að tengja það við raunveruleikann. Til dæmis launaseðlar og launaútreikningar, skattur og íbúðalán. Nemendur vilja sjá hvernig það sem þau eru að gera í skólanum nýtist þeim í framtíðinni, t.d. í framhaldsskólanum.

Í þessum flokki eru spurningar sem varða dagsform. Nemendur nefna að hugtökin sem notuð eru séu yfirgripsmikil og að fólk skilji hugtökin á mismunandi hátt.

Einelti hefur hækkað yfir landsmeðaltal og hækkunin er mikil á milli ára. Hér þurfum við að ræða saman og kanna hvort þetta sé raunveruleg stærð. Getum rætt saman innan bekkja. Hér finnst okkur líka vera skekkja á milli t.d. tengslakannana og Skólapúls. Tengslakannanir koma vel út en einelti mælist aftur og aftur samkvæmt Skólapúlsi. Þar er árgangur 2006 áberandi og sker sig úr, tíðni eineltis er samkvæmt niðurstöðum hærrí þar en í öðrum árgöngum.

Fundi slitið 10:10.

Við leggjum til að fá Soffíu fræðslustjóra á fund til okkar með samantekt frá niðurstöðum Skólapúlsins innan skólanna á Akureyri.

Einnig þurfum við muna eftir menntabúðum nemenda.

Næsti fundur 15. janúar, kl. 08:45